



Til foreldra og nemenda

FRÉTTABRÉF SÝÐUSKÓLA

Skólaárið 2017-2018 01.09.2017 1. bréf

Kæru nemendur og foreldrar

Nú er skólastarfið komið í fullan gang og fer vel af stað. Í þessum mánuði eru kynningafundir fyrir foreldra og munu umsjónarkennarar senda bréf heim um dagsetningar á fundunum.

Þann 5. september verður *Norræna skólahlaupið* og daginn eftir verður sett af stað átakið *Göngum í skólann* en markmiðið með því er að hvetja börnin til að ganga í skólann. Það er bæði hollt og svo er það stór þáttur í umhverfisstefnu Sýðuskóla. Við verðum að taka höndum saman og minnka akstur við skólann á morgnana en það myndast oft mikil umferðarteppa við innkeyrsluna þegar margir bílar eru á ferð.

Við ætlum að halda upp á Dag íslenskrar náttúru þann 15. september. Dagur íslenskrar náttúru er í raun 16. september en þar sem hann ber upp á laugardag fögnum við honum á föstudegi. Þann 14. september er þemadagur sem við tileinkum umhverfismennt. Á þessum dögum vinnum við með hin ýmsu verkefni tengd umhverfinu og náttúrunni. Einnig munum við keppa um Náttúrufræðing Sýðuskóla þar sem nemendur keppa um titilinn með því að þekkja plöntur, fugla og staði/landslag á Íslandi.

Miðvikudaginn 13. september er aðalfundur FOKS, foreldra og kennarafélags Sýðuskóla. Mikilvægt er að foreldrar mæti á þennan fund því við berum sameiginlega ábyrgð á menntun barnanna. Þátttaka foreldra er gífurlega mikilvæg til að byggja upp gott skólastarf. Eftir þann fund verður íbúafundur þar sem ræða á um breytt fyrirkomulag við innkeyrsluna í skólann.

Það er nauðsynlegt að við sem stöndum að skólanum lítum á okkur sem eina heild hvort sem við erum nemendur, starfsfólk eða foreldrar. Við þurfum að hafa að leiðarljósi einkunnarorð skólans ábyrgð, virðingu og vináttu og vera samstíga í að byggja upp framsækinn og öflugan skóla þar sem allir eru metnir að verðleikum og líður vel.

Með von um gott samstarf á nýju skólaári

Ólöf Inga

Á döfinni í mars:

6. september	Átakið Göngum í skólann hefst
8. september	Dagur læsis
13. september	Aðalfundur FOKS
15. september	Dagur íslenskrar náttúru - Náttúrufræðingur Sýðuskóla útnefndur
21. - 22. sept.	Samræmd próf í 7. bekk: 21. íslenska 22. stærðfr.
28. - 29. sept.	Samræmd próf í 4. bekk: 28. íslenska 29. stærðfr.



September er til-
einkaður

Ábyrgð

Regla mánaðarins er
„Við erum stundvís“

Viðurkenningar fræðsluráðs 2017

Miðvikudaginn 23. ágúst fór fram afhending viðurkenninga fræðsluráðs Akureyrarbæjar til nemenda og kennara leik- og grunnskóla bæjarins sem þóttu hafa skarað fram úr eða sýnt góðar framfarir við nám og störf á síðasta skólaári. Alls fengu 11 nemendur grunnskóla viðurkenningar og 6 starfsmenn leik- og grunnskóla. Tveir nemedur Síðuskóla voru meðal þeirra sem hlutu viðurkenningu. Hulda Karen Ingvarsdóttir, sem útskrifaðist sl. vor, hlaut viðurkenningu fyrir framúrskarandi námsárangur, ástundun, jákvæðni og hjálpssemi. Bryngeir Óli Viggússon, nemandi í 7. bekk, hlaut einnig viðurkenningu fyrir framúrskarandi vilja til að ná árangri og axla ábyrgð á eigin lífi. Við óskum þeim Huldu og Bryngeiri innilega til hamingju, en hér á myndinni sem fylgir með má sjá þau með viðurkenningarskjöl og blóm sem þau fengu við þetta tækifæri.



Aðalfundur Foreldra-og kennarafélags Síðuskóla/FOKS

Hér með er boðað til aðalfundar FOKS miðvikudaginn 13. september kl. 19:30 - 20:30 á sal skólans. Á dagskrá verða venjuleg aðalfundarstörf, kosning í stjórn og nefndir, og hagnýtar upplýsingar og umræður fyrir foreldra og fleira. Starf FOKS er afar mikilvægt fyrir skólann okkar og hefur félagið sýnt skólanum ómetanlegan stuðning í verki undanfarin misseri. Afar mikilvægt er að foreldrar mæti á fundi FOKS og taki virkan þátt í starfinu. Við höfum fengið prýðisgóða mætingu á fundi og viljum að sjálfsögðu gera enn betur í ár. Því leggjum við mikla áherslu á að allir nemendur skólans eigi fulltrúa á aðalfundinum! Síðuskóli leggur áherslu á þátttöku og áhrif foreldra, nýtum tækifærið og tökum vikan þátt í starfsemi FOKS. Samkvæmt lögum FOKS skal aðalfundur haldinn árlega í september. Við viljum einnig minn á opinn íbúafund um innkeyrslu skólans miðvikudaginn 13. september kl. 20:30 - 21:30. Fulltrúar frá umhverfis- og mannvirkjasviði Akureyrarbæjar koma á fundinn.

Stjórn FOKS.

Göngum í skólann
Notum virkan ferðamáta!



Skólinn hjá okkur þetta haustið fer vel af stað og góða veðrið hefur verið nýtt í ýmis-
konar verkefni. 6. bekkurinn fór í sjóferð á Húna, þær Sigrún Birna og Gunnella hafa í
samstarfi við nemendur klárað að mála suðurgafla skólans ásamt fleiru skemmtilegu
sem gert hefur verið. Hér má sjá nokkrar myndir frá fyrstu dögum skólaársins.



MATSEÐILL - september 2017

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
				1. Kjúklingapasta, salat, ávextir
4. Ofnbakaður fiskur, hrísgrjón, salat, sósa	5. Soðið slátur, kartöflumús, ávextir	6. Soðinn fiskur, kartöflur, rúg- brauð	7. Pönnukökur með kjúkling, grænmeti, salsa- sósa	8. Mjólkugrautur, slátur, smurt brauð
11. Kjötþúðingur, kartöflur, grænar baunir, sósa	12. Silungur, kartöflur, salat, köld sósa	13. Lambasneiðar, kartöflur, græn- meti, sósa	14. Gratíneraður fiskur, hrísgrjón, salat.	15. Súpa, snittubrauð, salat
18. Fiskibollur, hrísgrjón, salat	19. Kjötsúpa	20. Grænmetisbuff, kartöflur, sósa	21. Soðinn fiskur, kartöflur, rúgbrauð	22. Lasanja, snittu- brauð, salat
25. Plokkfiskur, rúg- brauð	26. Hakkbollur, hrísgrjón, grænmeti, sósa	27. Fiskur í raspi, kartöflur, græn- meti, sósa	28. Píta með hakki, grænmeti, sósa	29. Makkarónugrautur, salat